


FUNAFRÉTTIR

Rósa Hreinsdóttir
Halldórsstofnun



2. TÖLUBLAÐ
2. ÁRGANGUR
MAÍ 1997

HROSSARÆKT.

Um síðustu áramót voru Hagsmunafélag Eyfirkra og Þingeyskra hrossabænda og Hrossaræktarsamband Eyfirðinga og Þingeyinga sameinuð undir nafninu Hrossaræktarsamtök Eyfirðinga og Þingeyinga. Stjórn hinna nýju samtaka er þannig skipuð:

Formaður: Guðmundur Birkir Þorkelsson.

Varaformaður: Ármann Gunnarsson.

Ritari: Hólmgeir Valdemarsson.

Gjaldkeri: Zophonías Jónmundsson.

Meðstjórnendur: Baldvin Kr. Baldvinsson og Ármann Ólafsson.

Varamenn eru: Auðbjörn Kristinsson, Þorleifur Karlsson, Guðmundur Skarphéðinsson og Reynir Björgvinsson.

Samtökin bjóða upp á eftirfarandi stóðhesta í sumar:

Andvari frá Ey verður í Hólshúsum Eyjafjarðarsveit, seinna gangmál.

Baldur frá Bakka verður í Svarfaðardal, seinna gangmál.

Hjörtur frá Tjörn húsnotkun á Akureyri, verður í Eyjafirði fyrra gangmál og er óráðstafað seinna gangmál.

Galdur frá Sauðárkróki verður í Bitru Eyjafirði, fyrra gangmál.

Oddur frá Selfossi verður að Skógum í Suður-Þingeyjarsýslu, seinna gangmál.

Piltur frá Sperðli verður á Möðruvöllum í Hörgárdal, fyrra gangmál.

Logi frá Skarði verður í Torfunesi í Suður-Þingeyjarsýslu, seinna gangmál.

Nú þegar er fullbókað undir Andvara og Pilt, en örfá pláss eru laus undir hina stóðhestana. Við pöntunum tekur Zophonías Jónmundsson í síma 466-1471.

Innan hrossaræktarsamtakanna starfa nokkrar hrossaræktardeildir og er Hrossaræktardeild Eyjafjarðarsveitar ein þeirra. Stjórn hennar er þannig skipuð:

Formaður: Vilberg Jónsson Kommu s: 463-1228.

Gjaldkeri: Reynir Björgvinsson Bringu s: 463-1220.

Ritari: Ragnar Ingólfsson Hóli II s: 461336.

Deildin hefur á leigu beitarhólf í landi Grýtu og býður þar upp á hagagöngu fyrir ungfola á sumrin og haustin. Hefur sú þjónusta mælt vel fyrir og verið vel nýtt. Í sumar verður deildin með Roða frá Múla á sínum vegum, seinna gangmál. Roði er 5 vetra 1 verðlauna stóðhestur undan Orra frá Þúfu og Litlu-Þrumu frá Múla í Dalasýslu. Enn er 3 til 4 plássum óráðstafað hjá hestinum og er áhugasömum bent á að hafa samband við Reyni eða Vilberg.

Héraðssýning kynbótahrossa á Norðurlandi eystra verður 16.-21. júní nk. Dæmt verður á fjórum stöðum sem hér segir: 16. júní í Ásbyrgi og að Einarstöðum. 18. júní í Svarfaðardal og á Hlíðarholtsvelli Akureyri. 19. og 20. júní á Hlíðarholtsvelli. Yfirlitssýning fyrir allt svæðið verður laugardaginn 21. júní á Hlíðarholtsvelli. Skráning kynbótahrossa fer fram hjá búnaðarsamböndunum og skráningu lýkur 6. júní nk. Eigendum kynbótahrossa er bent á að skrá þau tímanlega, sérstaklega ef þau eru ekki grunnskráð í Feng. Dómarar verða Kristinn Hugason og Víkingur Gunnarsson.

ÁRGJÖLD OG FÉLAGSSKIRTEINI.

Nú liður senn að því að giróseðlar fyrir árgjöldum fari að berast í póstkassa félagsmanna og verður þeim vonandi vel tekið. Gefin hafa verið út félagsskirteini sem afhent verða fljótlega eftir að árgjald hefur verið greitt. Félagsskirteinið gildir jafnframt sem afsláttarkort hjá 10 fyrirtækjum. Þessi fyrirtæki eru:

Blikkrás	10%
Blómabúð Akureyrar staðgreiðsla	10%
Blómaskálinn Vín veitingar	10%
Gleraugnaverslunin Geislinn staðgreiðsla	10%
Gúmmívinnslan gúmmímottur	10%
Gúmmívinnslan hjólbarðar	5%
Hestasport hnakkar	3%
Hestasport annað en hnakkar	5%
Kaupland	10%
Raflagnadeild KEA	10%
Vídeóland	10%
MR - búðin Reykjavík staðgreiðsla	10%

Félagsmenn eru hvattir til að nýta sér þessa góðvild fyrirtækjanna því að þegar allt er talið getur verið um töluverðan sparnað að ræða.

Stjórn Funa.

Frá Barna og unglingaráði Funa.

Mikið hefur verið brallað í vetur, til dæmis haldið pizzukvöld, hnakkar voru hreinsaðir og haldinn kökubasar til fjáröflunar á suðurferð og gekk það mjög vel. Farin var sundferð út á Þelamörk. Hápunkturinn var svo í vor þegar farin var ferð til Reykjavíkur til að sjá Norðlenska og Sunnlenska hestadaga í Reiðhöllinni. Farið var í sund, keilu, Kringluna, Húsdýragarðinn o.fl. Gist var í Bústöðum sem er félagsheimili í Bústaðakirkju. Gekk ferðin vel, en í hana fóru 17 krakkar. Sunnudaginn 25. Maí komu svo krakkar frá Hring í heimsókn á Melgerðismela og gekk það vel. En vikjum þá að því sem framundan er í sumar:

- 31. maí. Héraðsmót UMSE í hestaípróttum að Hringsholti við Dalvík. Þangað stefna nokkrir unglingar félagsins.
- 6.- 8. júní Frissa fríska leikarnir á Akureyri. Þar verður stór hópur af Funakrökkum.
- 12.- 15. júní verður reiðnámskeið fyrir unga byrjendur og er það börnunum að kostnaðarlausu.
- 29. júní verður riðið til messu.
- 23.- 25. júlí Æskulýðsdagar á Melgerðismelum.
- 26.- 27. júlí Hátíðisdagar hestamanna á Melgerðismelum (stórmót).
- 23. ágúst bæjarkeppni Funa.

Íþróttamót Funa.

Funi og Léttir héldu sameiginlegt íþróttamót á Hlíðarholtsvelli 17. og 19. Maí síðastliðinn.
Hér verður greint frá úrslitum hjá Funa.

Fjörgangur unglinga.

1. Þórhallur Þorvaldsson á Stjörnu, rauðstjörnótttri 9 vetra.
2. María Sveinsdóttir á Ljúfu, jarpri 7 vetra.
3. Sindri Bjarnason á Hæru, rauðri 9 vetra.

Tölt unglinga.

1. Ásta Harðardóttir á Sörladís, brúnni 10 vetra.
2. Sindri Bjarnason á Hæru, rauðri 9 vetra.

Fjörgangur fullorðinna.

1. Þór Jónsteinsson á Gusti, brúnum 7 vetra.
2. St. Birgir Stefánsson á Fleyg, rauðblesóttum 7 vetra.
3. Tobias Sigurðsson á Erni, jörpum 9 vetra.
4. Ævar Hreinsson á Sleggju, grárri.

Tölt fullorðinna.

1. St. Birgir Stefánsson á Mollý, brúnni 8 vetra.
2. Þór Jónsteinsson á Gusti, brúnum 7 vetra.
3. Björn Sæmundsson á Sokka, sokkóttum 8 vetra.
4. Ágúst Ásgrímsson á Blokk, brúnni 7 vetra.
5. Tobias Sigurðsson á Erni, jörpum 9 vetra.

Fimmgangur fullorðinna.

1. Þór Jónsteinsson á Dumbi, jörpum 6 vetra.
2. Björn Sæmundsson á Skvettu, rauðri 7 vetra.
3. St. Birgir Stefánsson á Hæru, rauðri 7 vetra.

Gæðingaskeið.

1. Magni Kjartansson á Olgu, vindrauðri 11 vetra.
2. Þór Jónsteinsson á Dumbi, jörpum 6 vetra.
3. Björn Sæmundsson á Skvettu, rauðri 7 vetra.

Íslensk tvíkeppni Þór Jónsteinsson.

Skeiðtvíkeppni Þór Jónsteinsson.

Stigahæsti knapi fullorðinna Þór Jónsteinsson.

Stigahæsti knapi unglinga Sindri Bjarnason.

W

BYRJANDARAUNIR

Alvörukvæði um hestamennsku !

Hestamennskan þykir hentugt sport,
ég hef hér nokkur atriði til minnis.
Hún er einhver allra besta sort
afpreyingar líkama og sinnis.
Til að geta slíkum þjónað þörfum
og þjáðum huga létt frá dagsins störfum
ég fékk mér: stigvél, hnakk og hjálm og keyri,
hófhlífur og ýmsar græjur fleiri.
Heljarmikið beisli-hringaméla
og hæfilega stóran vasapela.
Þá var náttúrulega eftir eitt.
Ég á sko við að fá sér hest í klofið
af tilefninu gat ég tæpast neitt
af tilhlökkun í margar nætur sofið.
En svo af heppni datt ég ofan á
ættartiginn gæðing bónda hjá.
Faðirinn víst undan Sörlasyni
og sögð var móðirin af úrvalskyni.
Hann var furðu frjálsgalur í reið
með fet og brokk og tölt og stökk og skeið.
Fasmikill og ör hann bitil bryður
og barnaleikur einn að tak'ann niður.
Eigandinn hann lýsti þessu þanninn,
mér þótti ekki vert að rengja manninn
enda klárinn fallegur að framan.
Ég freistaðist og kaupin gengu saman.
Ég var kannski helst til kaupafýsinn
því krónur 100.000,- það var prísinn.
Ég orðlengi nú ekki meira það.
Ég útfyllti sem greiðslu tékkablað
og átti þar með orðið rauðan hest
sem auðvitað nú þurfti heim að draga.
Ég komst þetta um kvöldið, fyrir rest.
Úr kerrunni ég sleppt'onum á haga.
Helgar nú beið ég með hverfulli ró,
hjartað af bullandi tilhlökkun sló.
Ég sveimað'á daginn með dreyminni lund,
í draumheimnum reið ég um lönd mín og álfur.
"Knapinn á hestbaki er kóngur um stund"
í kvæðinu stendur. Nú var ég það sjálfur.

Á laugardagsmorgni ég lagði af stað
með léttan hug og fullan pok'af brauði.
Frúna og afkvæmin aðstoðar það
ef hann skyldi vandtekinn sá rauði,
þarna út um hagann var hellingur af stóði.
-Heldurðu- sagði frúin- þú þekkir hann nú góði
Ég réð það af að ans'ekki slíkri regin dellu.
Hún reið sjaldan við einteyming, vitleysan í kel
En á því hversu mikið þá munaði í brauð
og margir þarna fíktust varð ég hissa.
Og þegar að mér loks tókst að ná þeim rétta R:
reyndist þetta vera folaldshryssa!
Eftir mikið vesen og bax og ráp og rag
var Rauður ekki fundinn og liðið fram á dag.
Þá varð til ráða að reka nú hóp
til réttar svo jálknum ég næði.
Krakkarnir orguðu, kerlingin hljóp,
ég kallaði þrútin af bræði:
Hlaupiði, látið nú lappinnar keppa,
látt'ekki helvítis bikkjurnar sleppa.
Verst þetta andskotans amstur og hróp
mig ætlað'að sprengja úr mæði.
Loks eftir skammir og skapraunafjöld
skrönglaðist stóðið í rétt, undir kvöld.

Það get ég svarið að þá varð ég feginn,
þreifað'í vasann og höndlaði fleyginn.
Mér veitt'ekk'af sopanum lundu að létta.
Leit yfir hópinn og sá nú þann rétta.
Þekkti hann alveg og var ekki í vafa,
virtist mér ættgöfgin frá honum stafa.
Bretti upp ermar og beislaði kauða
brennand'í skinni að prófa þann rauða.
Í áttin'að hesthúsi toga nú tók hann,
hann tregðaðist móti og höfuðið skók'ann
Svo er ég loks fór að leggja á þjarkinn
með löppinni reynd'ann að krafsa.
Nú þurfti lagi að koma á kjarkinn,
það kostaði fæina snafsa.
Svo er nú ekki að orðlengja það

ég álpaði hnakknum á réttan stað
þó útheimti tíma og töluvert púl
að tengja draslið og stilla rétt.
Gjörð og reiða, ganól og múl,
glitmerkjaborða og fóthlífasett.
Athuga hvernig áhaldið féll
ólarlengdirnar o.fl.
Nú fékk ég mér ómælda ístaðsskál,
ekkert mál.

Greip um hnakkkúlu traustatakið
og tók að fikra mig upp á bakið,
en skrikaði niður hestsins hlið,
hnakkurinn snaraðist undir kvið
og ég mátti bölvandi basla í
að ballensera allt á ný.
Þá teymdi ég klárinn kanti að
og klofaði á bak.
Reyndist mér sannast sagna það
svoleiðis fyrirtak.
Fann ekki í brjóstinu beyg eða kvíða
en byrjað'að riða.

Hamingjan sanna! Hvað er að ?
Það hreyfði sig ekki dýrið.
Ég tók nú með keyri að tukta það
og toga í stýrið.
Ansans jálkurinn byrjað'að bakka.
Ég bögglaðist fram á makka,
var svo á einu andartaki
oltinn af baki.
Í hrapinu fannst mér ég hálfpartinn dáinn
og hesturinn rokinn úti bláinn.

Þó fögur sé vor fósturjörð
og fjöldinn allur dá'ana.
Viðkoman mér virðist hörð
og vont að falla á'ana.

Nú ligg ég á hesthúshlaðinu,
hvekkur,
veltandi í satans svaðinu,
svekkur.

Kjarkurinn týndur, klárinn þotinn,
kúla á hausnum, pelinn brotinn,
brákuð rifin og bólginn nárinn,
samt brosi ég gegnum tárin.
Því, þó að fákur með tygjum týnist
er tjónið minna en í fyrstu sýnist.

Í skiptum við bóndann ég beitti hrekk.
Ég borgaði hestinn með gúmmitékk.

Seinna ég vafalaust segi frá
sitjand'í kunningja hóp
hve skarplega Rauður á skeiðinu lá
og skriðdrjúgur móana hljóp.
Og krassandi, litríkar lýsingar gef,
lífgaður guðaveig.
Ég viss'ekki til'onum skeikaði skref
þó ég skellti'í mig dreitli úr fleyg.

Taumléttur var'ann og tifaði ótt,
á töltinu mjúkur og ör.
Ég fæ varla annan með þvílíkan þrótt
og þvílíka snerpu og fjör,
og það get ég fullyrt að þá er ég sæll
þegar ég reið honum greitt.
Satt er það, ei var hann öllum dæll
en aldregi sýnd'ann mér neitt.
Því fréttir af ónefndum útreiðartúr
ég efalaust þögn minni hyl.
En ykkur hér, hæstvirtu herrar og frúr,
eitt heilræði gefa vil:
Sé hversdagsins amstur þér harðdrægt og snúið
legg hnakkinn á fák þinn og ríddu.

Núna er ljóðið loksins búið.
Lifið heil, þökk þeim sem hlýddu.

Fengið að láni úr bókinni,
Gatan syngur gleðilag eftir
Birgi Hartmannsson.

FÉLAGSHEIMILI FUNA.

Eins og allir vita þá keypti Funi hlut Léttis í veitingaskálanum á Melgerðismelum. Fyrripart vetrar var mikið spád og spekulerað hvernig best væri að innrétta skálann. Var ákveðið að útbúa fundarsal, snyrtingar, eldhús og afgreiðslu því tengt í norðurhlutanum, en láta suðurhlutann bíða. Síðan var unnið hörðum höndum við að einangra, reisa milliveggi, leggja fyrir rafmagni og klæða á vegg. Snemma var farið að ræða um að selja kaffi þarna á sumardaginn fyrsta. Voru margir efins um að húsnaðið yrði orðið boðlegt gestum þegar að sá dagur rynni upp, en annað kom á daginn. Þegar að honum kom höfðu allir veggir verið grunnaðir og gáðinur verið saumaðar fyrir gluggana. Borð voru fengin að láni í Sólgarði og nokkrir félagsmenn lögðu til brauð. Var það ánægjulegt hve margir komu og keyptu sér kaffi og studdu þar með við bakið á okkur. Þær eru ófáar vinnustundirnar sem liggja að baki þeim áfanga sem nú er lokið. Lögðu þar ýmsir aðilar hönd á plóginn og færum við þeim bestu þakkir fyrir. Án efa mun þessi aðstaða okkar nýtast vel í framtíðinni, hvort heldur um er að ræða smærri eða stærri samkomur og er það vel. Félagsmenn til hamingju með áfangann. Stjórn Funa.

Tilkynning frá mótanefnd Funa.

Ákveðið hefur verið að fella gæðingamót félagsins inn í hátíðisdaga hestamanna sem haldnir verða á Melgerðismelum 26.- 27. júlí nk. Íþróttamót Funa var haldið 17. og 19. maí sl. og birtast úrslitin hér í blaðinu. Áður auglýst dagsetning (18-22 júní) er því fallin úr gildi.

Hvers vegna heldur þú að hann sé frá norðlægum slóðum? Af því að hann dansar eins og hann hafi gleymt að taka af sér snjóþrúgur! !

Ókunnugur maður, er fôr ríðandi um landið, kom að á sem hann þekkti ekki. Hann spurði dreng sem hann sá, hvort áin væri djúp, en hann svaraði neitandi. Maðurinn reið út í en áður en varði var reiðskjótinn kominn á hrokasund. Maðurinn snéri aftur til sama lands og sagði reiðilega við drenginn: Sagðir þú ekki að áin væri grunn? Jú hún tekur öndunum hans afa aðeins í miðjar síður.

Maður einn sá sveitapilt láta hund sinn leika listir og sagði: Hvernig ferðu að þessu drengur minn? Mér er ómögulegt að kenna mínum hundi nokkurn skapaðan hlut. Drengurinn leit á manninn og svaraði með hæð: Aðalatriðið er að vita meira en hundurinn.

Gamla konan hafði kallað á dýralækninn vegna þess ap kisan hennar var eitthvað lasin. Hann leit á læðuna og sagði konunni að því búi að ekkert væri að henni, hún væri bara að fara að gjóta. En það getur ekki verið sagði gamla konan. Hún fer aldrei nokkurn tímann út og hingað inn kemur enginn köttur. Í sama bili gekk stórvaxinn fressköttur inn í stofuna. En hvað um þennan spurði dýralæknirinn og benti á fressið. Þessi sagði gamla konan hlajandi, þetta er nú bara bróðir hennar.

FUNAFRÉTTIR

KÆRU FÉLAGAR.

Nú hefur ykkur loksins borist vorblað Funafréttar, það er heldur seinna á ferðinni en ég hefði kosið. Kristbjörg ritstjóri hefur tekið sér fri frá störfum í fræðslunefnd um óákveðinn tíma og stundar nú tannningar í Belgíu. Vil ég nota tækifærið og óska henni alls hins besta. Þá er fyrirséð að Brynjar mun flytjast búferlum suður á land í sumar. Það er því ljóst að ég mun sitja ein eftir í fræðslunefndinni en ég lifi það nú af. Það er hinsvegar einlæg ósk mín að þið félagsmenn góðir leggið mér lið með því að senda mér efni til birtingar í haustblaðinu. Allt frá því að fyrstu Funafréttirnar komu út höfum við verið að óska eftir efni með heldur rýrum árangri. Vonandi verður nú breyting þar á, enda er það mér mikið hjartans mál að blaðið verði sem fjölbreyttast og eigi langa lífdaga.

Með fyrirfram þökk.

Anna Kristín Árnadóttir
Leifshúsum Svalbarðsströnd
601 Akureyri.

2 TÖLUBLAÐ
2 ÁRGANGUR
MÁI 1997